



FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKARÁÐ

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Arnarhvoli, 150 Reykjavík

Sími: 545 9200

fjarmalastodugleikarad.is

Reykjavík, 10. apríl 2017

Tilmæli til Fjármálaeftirlitsins um að kveða á um eiginfjárouka fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki

Með hliðsjón af greiningu kerfisáhættunefndar beinir fjármálastöðugleikaráð tilmælum til Fjármálaeftirlitsins um að kveða áfram á um 2% eiginfjárouka á kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki. Eiginfjároukinn skal áfram taka til allra áhættuskuldbindinga þessara fjármálafyrirtækja á samstæðugrunni.

Rökstuðningur

Kerfislega mikilvægir eftirlitsskyldir aðilar eru þeir sem vegna stærðar og eðlis starfsemi sinnar geta haft umtalsverð neikvæð áhrif á stöðugleika fjármálakerfisins og á raunhagkerfið ef þeir lenda í erfiðleikum. Af þessum ástæðum og sakir þess að kerfislega mikilvægir eftirlitsskyldir aðilar eru almennt mikilvægir varðandi starfsemi fjármálainniðnaðs og aðgang almennings að greiðsluþjónustu og eigin sparifé er opinbert öryggisnet um þær þéttara en ella og beinar og óbeinar ábyrgðir á skuldbindingum þeirra víðtækari. Það magnar freistnivanda sem birtist í því að þessir aðilar gætu tekið meiri áhættu en hagkvæmt er fyrir fjármálakerfið í heild. Því er þörf á regluverki sem vinnur á móti þessari tilhneigingu, sérstaklega í formi aukinna eiginfjárvæðinga og virkara eftirlits en ella.

Til að mæta þessu hefur verið leidd í lög heimild til að leggja viðbótar eiginfjárvæðinga á kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, sbr. 86. gr. c laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Sú eiginfjárvæðing mun styrkja viðnámsþrótt þessara fjármálafyrirtækja, draga úr líkum á falli þeirra og þar með draga úr væntum neikvæðum áhrifum á fjármálakerfið og raunhagkerfið. Sé eftirlitsskyldur aðili skilgreindur sem kerfislega mikilvægur hefur það einnig áhrif á tíðni og umfang eftirlits af hálfu Fjármálaeftirlitsins og Seðlabanka Íslands.

Hinn 1. apríl 2016 var settur á 2% eiginfjárvæðing fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki, sbr. tilmæli fjármálastöðugleikaráðs frá 22. janúar 2016 og ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 1. mars 2016.¹ Samkvæmt 1. mgr. 86. gr. c laga um fjármálafyrirtæki skal endurskoða ákvörðun um að setja eiginfjárvæðing á og gildi hans árlega og til samræmis við það hefur Fjármálaeftirlitið óskað eftir aðkomu fjármálastöðugleikaráðs.

Mat á kerfislegu mikilvægi eftirlitsskyldra aðila

Við mat á kerfislegu mikilvægi eftirlitsskyldra aðila er, eins og áður, stuðst við aðferðafræði sem byggir á aðferðafræði Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar.² Það ber að taka fram að aðferðafræðin að baki flokkunar á kerfislega mikilvægum fjármálafyrirtækjum hefur hér á landi verið heimfærð upp á alla eftirlitsskylda aðila.

Samkvæmt aðferðafræðinni er mælt með því að þeir aðilar sem fara yfir 350 heildarstig verði skilgreindir sem kerfislega mikilvægir eftirlitsskyldir aðilar. Matið fer fram í tveimur þrepum þar sem í þrepi 1 er stuðst við sömu kjarnavísu og áður, en í þrepi 2 er tekið tillit til veltu viðkomandi aðila á gjaldeyrismarkaði. Fleiri vísar voru ekki skoðaðir að þessu sinni í öðru þrepi matsins. Í töflu 1 má sjá niðurstöðu matsins en samkvæmt því teljast stóru

¹<https://www.fjarmalaraduneyti.is/frettir/fyrsti-fundur-fjarmalastodugleikarads-arid-2016>

²<http://www.fme.is/media/akvardanir/Akvordun-FME-um-alagningu-eiginfjarauka.pdf>

² European Banking Authority (2014). Guidelines on common procedures and methodologies for the supervisory review and evaluation process (SREP), (EBA/GL/2014/13).

viðskiptabankarnir þrír og Íbúðalánasjóður vera kerfislega mikilvægir eftirlitsskyldir aðilar. Stuðst var við ársniðurstöðu eftirlitsskyldu aðilanna fyrir árið 2016 við framkvæmd matsins.

Fjármálastöðugleikaráð beinir því þeim tilmælum til Fjármálaeftirlitsins að stofnunin kveði áfram á um að Arion banki hf., Íslandsbanki hf. og Landsbankinn hf. viðhaldi eiginfjáruka vegna kerfislegs mikilvægis.³ Í ljósi þess hve hátt þessir aðilar eru yfir 350 punkta viðmiðinu, leggur ráðið til að eiginfjárukinn nemi áfram 2% af áhættugrunni, sem er hámark eiginfjárukans samkvæmt lögum. Ráðið beinir til Fjármálaeftirlitsins að eiginfjárukanum sé jafnframt áfram viðhaldið á samstæðugrunni og taki til allra áhættuskuldbindinga viðskiptabankanna.

Tafla 1: Niðurstöður mats á kerfislegu mikilvægi eftirlitsskyldra aðila

	Flokkar	Lands- bankinn	Arion banki	Íslands- banki	Íbúða- lánasjóður	Aðrir
Prep 1	1. Stærð	2718	2535	2563	1925	259
	2. Mikilvægi	3089	2683	3197	763	268
	3. Flækjustig og starfsemi yfir landamæri	2784	3389	3696	0	131
	4. Tengsl	2395	3308	2268	1829	201
	Samtals veginn stigafjöldi (Prep 1)	2747	2979	2931	1129	215
Prep 2	2. Mikilvægi / velta á gjaldeyrismarkaði	2194	2715	4358	31	702
	Samtals veginn stigafjöldi (Prep 2)	2691	2981	3003	1084	242

³ Þar sem Íbúðalánasjóður telst ekki fjármálafyrirtæki gilda ákvæði um eiginfjáruka í lögum um fjármálafyrirtæki ekki um sjóðinn, sbr. 116. gr. laganna.